

Aðalstjórnarfundur UMFT

26. janúar 2009.

Mættir: Gunnar, Magnús, Elínborg og Kristjana.

Dagskrá:

Aðalfundur - undirbúningur

Íbúðing

Önnur mál

1. Ákveðið að aðalfundur verði fimmtudaginn 26. Febrúar 2009 á Mælifelli kl. 20:00. Verkefni sem þarf að vinna fyrir aðalfund eru skýrsla stjórnar, uppgjör aðalstjórnar, fá uppgjör frá deildum og starfsskýrslur. Einnig þarf að fá uppgjör fyrir Minningarsjóð Rúnar Inga Björnssonar. Síðan þarf að fá tilnefningar til Íþróttamanns Tindastóls 2008 auk tilnefninga fyrir starfsmerki og starfsbikar félagsins. Ákveðið að gera þá breytingu að framvegis verði úthlutunum úr Minningarsjóði Rúnar Inga Björnssonar afhentar á aðalfundi UMFT.
2. Íbúðing verður haldið á Sauðárkróki þann 7. febrúar 2009 og hvetur stjórn UMFT alla íbúa til að mæta og hafa áhrif á uppbyggingu bæjarins í framtíðinni.
3. Rætt um eitt og annað sem tengist félaginu þar á meðal lagabreytingar og búningamál.